

## Stúdentaráðsfundur – 23. febrúar 2010

Mættir eru: *Gabriella Unnur Kristjánsdóttir (R), Heimir Hannesson (V), Edda Hermannsdóttir (R), Hjördís Perla Rafnsdóttir (V), Guðrún Sóley Gestsdóttir (V), Halla Tryggvadóttir (R), Stefanía Lind Stefánsdóttir (V), Fannar Óli Ólafsson (V), Stefán Þór Helgason (V), Sigurbjörg Elin (R), Fannar F. Ívarsson (R), Sigurður Kári Árnason (R), Kristín Helga (R), Magnús Þorlákur (R), Björn Rafn (R), Stefán Rafn (S), Viktor Orri (S), Arnþór Gíslason (S), Jens Fjalar (V).*

### Dagskrá

#### I. Sumarönn

Rætt um skoðanakönnun fyrir nemendur um hvað þeir vilja bæta með sumarannir.

Hafa fleiri kúrsa fyrir grunnema - var of mikið bara sérhæfðir framhaldskúrsar í fyrra.

Brottfall var mikið seinasta sumar, rætt um hvernig sé hægt að koma í veg fyrir það.

#### II. Sólarhringsaðgangur að byggingum HÍ

Farið yfir rök háskólayfirvalda gegn sólarhringsaðgangi:

Vantar fjármagn fyrir vaktmenn, ekki áhugi nemenda fyrir þessu.

Stúdentaráðsliðar eru tilbúnir til að standa vaktina í staðinn fyrir vaktmenn ef til þess kemur. Augljóst að það skortir ekki áhuga nemenda á því að notfæra sér byggingar háskólans eftir miðnætti, sérstaklega í prófatíð. Nemendur hafa ekki fengið að sjá þá skoðanakönnun háskólayfirvalda sem á að benda til þess að áhugi nemenda sé ekki fyrir hendi. Framhald þessa máls ræðst á Öryggisnefndarfundum á morgun, miðvikudaginn 24. febrúar.

#### III. Skipan í starfshóp um stjórnarsýslu SHÍ

Hlutverk starfshópsins kynnt af Skrökvuliðum: Endurskoðun á stjórnarsýslu SHÍ, fara yfir þetta með samráði við erlend stúdentaráð o.fl. Meta kosti og galla, og sjá hvort að það sé einhverjar breytingar sem eigi að gera í lok árs og reyna að koma því í farveg

Skrökva tilnefnir Gunnar og Viktor Orra

Röskva tilnefnir Heiðar Lind

Vaka tilnefnir Orra Freyr Rúnarsson

#### **IV. Skipan í lagabreytingarnefnd**

Vaka tilnefndir Gunnar Örn og Sigrúnu Ingibjörgu

Skrökva tilnefnir Tinnu Rut

Röskva tilnefnir Fannar Freyr og Sindra Rafn

#### **V. Aðrir starfshópar**

a. Umhverfishópur

b. Samgönguhópur

Umræða fór fram um hvort vilji og þörf væri á því að hóparnir héldu starfsemi sinni áfram á þessu starfsári. Komist var að þeirri niðurstöðu að láta hópana setja sér skýr markmið og vinna að þeim um árið. Útbúa sér starfslýsingu sem þeir vinna að og láta þá skila skýrslu reglulega = aðhald.

Það er almenn sátt um að láta þá halda áfram í þeirri mynd.

#### **VI. Vinnudagur SHÍ**

Verður föstudaginn 26. febrúar. Stúdentaráðsliðar munu mæta auk áhugasamra úr hópi fylkinganna þriggja.

Tilgangur vinnudagsins er að leggja (málefna)línurnar fyrir komandi starfsár, drög að sameiginlegri stefnuskrá fylkinganna þriggja.

#### **VII. Student.is**

Allir SHÍ liðar fá aðgang að umræðuþræði, þar sem umræður geta farið fram..

Skoða hvort hægt væri að hafa umræðukerfið þannig að allir geti skrifað athugasemdir við “færslur” stúdentaráðsliða.

Rætt um að fá mögulega kynningu á student.is fyrir stúdentaráðsliðum á næsta fundi.

#### **VIII. Önnur mál**

Stöður innan stjórnar studentaráðs eru samþykktar einróma sem svo:

Gabríella er varaformaður

Stefán Rafn er gjaldkeri

Björn Rafn er ritari.